



1183. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 13. febrúar 2019, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Agnes Erna Estherardóttir, Arnþór Sigurðsson, , Dóra Magnúsdóttir, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Sigmundur Halldórsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, , Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Magnús M. Norðdahl hrl. lögfræðingur ASÍ, Bryndís Guðnadóttir sviðsstjóri kjarasviðs VR og Viðar Ingason hagfræðingur VR.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1182. stjórnarfundar VR lögð fram til samþykktar

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1182. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

Undir þessum dagskrárlið óskaði Ragnar Þór eftir samþykki fundarins fyrir því að fundur stæði a.m.k. til kl. 21:00 þar sem mörg mál væru á dagskrá að þessu sinni.
Samþykkt.

2. Aðild að stéttarfélagum. Magnús Norðdahl hrl. lögfræðingur ASÍ – erindi

Ragnar Þór bauð velkominn gest fundarins, Magnús Norðdahl hrl. lögfræðingur ASÍ sem hér er kominn vegna beiðni Sigurðar Sigfússonar um fræðslu varðandi félagsaðild og þau mörgu álitamál sem því tengjast.

Magnús tók til máls og sagði umfjöllunarefnið stórt og flókið. Fór hann nú nokkuð ítarlega yfir málið á slæðum. Í máli Magnúsar kom m.a. fram að hvað varðar félagafrelsið þá mátt þú standa utan stéttarfélaga með því að vera „aukafélagi“ eða þá að vera fullgildur félagi með ákvörðun – formleg ákvörðun – óformleg ákvörðun.

Félagafrelsið þýðir þó ekki að þú getir valið stéttarfélag og sjóði og allir borga gjöld til viðkomandi félags, það er ekki val um greiðslur þótt þú kjósir að standa utan stéttarfélags sem aukafélagi. Það sem stjórnar aðild að ákveðnu félagi er fyrst og fremst starfssvið og svo landfræðileg staðsetning. Ástæða þess að allir verða að greiða iðgjöld til stéttarfélags er til þess m.a. að standa straum af gerð kjarasamninga, eftirfylgni þeirra og endurnýjun. En ekki síst vegna þess að kerfi stéttarfélaga hér á landi er nánast einstakt og þess eðlis að það er stór hluti af velferðarkerfi launafólks – heildstætt kerfi um veikindarétt, lífeyri, orlofsrétt, menntun og margt fleira.

Þetta fyrirkomulag um greiðsluskyldu þrátt fyrir félagafrelsi er svo fest í lögum nr. 55/1980 um starfskjör launafólks þar sem kemur fram að atvinnurekanda sé skylt að halda eftir af launum starfsmanns iðgjald til viðkomandi stéttarfélags og er ábyrgur fyrir skilum þess til félagsins. Það er ekki neitt val. Valið stendur aðeins um það að launamanni er heimilt að standa utan félagsins sem „aukafélagi“ en er skylt að greiða öll iðgjöld. Enda njóti allir af velferðarkerfinu og kjarasamningum og því eðlilegt að allir greiði.

Magnús fór nú yfir ýmis atriði varðandi félagsgjöld, réttarstöðu stéttarféлага í stjórnarskrá, sagði frá samböndum og samstarfi/verkaskiptingu stéttarféлага. Oft verði árekstrar milli stéttarféлага sem geta átt sér bæði faglegar og landfræðilegar orsakir.

Umræður.

Að loknum umræðum þakkaði Ragnar Þór Magnúsi fyrir fróðlegt erindi og umræður. Vék Magnús þá næst af fundi kl. 18:35.

Einn af gestum fundarins, Viðar Ingason hagfræðingur VR mætti hér til fundar kl. 18:35.

3. Staðan á kjaraviðræðum

Ragnar Þór sagði að SA hefði lagt fram tilboð á samningafundinum í dag og við getum svarað því með gagntilboði eða ekki, það sé okkar val. Þá sé nú í kvöld fundur með stjórnvöldum sem Drífa forseti ASÍ sitji fyrir okkar hönd og við heyrum væntanlega af þeim niðurstöðum fyrir helgi.

4. Fjármögnun á Blæ leigufélagi

Ragnar Þór sagði að við hefðum komið með ákveðnar hugmyndir um fjármögnun á Blæ t.d. millifærslu iðgjalda - 1% leiðin - en um það hefðu verið skiptar skoðanir. Við höfum því leitað annarra leiða sem meiri sátt væri um og komin er ákveðin lending.

Stefán tók nú til máls og lagði fram skjalið „Fjármögnun á leigufélagi“ og fór yfir efni þess á slæðum. Í máli Stefáns kom m.a. fram að þetta væru viðbrögð við tillögu átakshóps um aukið framboð á íbúðum þar sem gerð var tillaga um að leitað verði samstarfs milli stéttarféлага, SA og lífeyrissjóða um fjármögnun húsnæðisfélagsins Blæs. Taldi Stefán þessar þrjár leiðir helst færar:

- a. Tilfærsla á lífeyrissjóðsiðgjaldi – hluti iðgjalds færi inn í leigufélag.
- b. Stofna nýjan sjóð fjármagnaðan af launaveltu.
- c. Lífeyrissjóðir fjármagni eigið fé og gæti það orðið góð fjárfesting fyrir þá.

Það er þá síðasta leiðin sem horft sé til þar sem leigufélag lífeyrissjóða yrði til þar sem sjóðirnir kæmu inn með eigið fé og lánsfé kæmi með nýrri útgáfu frá Íbúðalánasjóði. Þetta sé lífeyrissjóðum heimilt samkvæmt 36. gr. laga nr. 129/1997 þar sem fjallað er um heimild þeirra til að fjárfesta í fasteignum.

Stefán rakti nú markmið húsnæðisfélagsins sem auk góðrar arðsemi fyrir lífeyrissjóði væri svo auðvitað húsnæðisöryggi leigjanda o.fl.

Fjármögnun er hugsuð þannig að eigið fé sé 25% en 75% lánsfé og vextir á því fé gætu verið um 2,7% verðtryggt. Um væri að ræða lánsfé sem 40 ára jafngreiðslulán og myndu eigendur ekki taka neinn arð út úr félaginu fyrstu 40 árin en þeir gætu fært upp eign sína í félaginu eftir þróun fasteignaverðs á hverjum tíma. Þar væri arðsemin og má geta að meðalhækkun á fasteignaverði frá árinu 1997 hefur verið 8,0% og meðal raunhækkun á hverju ári verið 3,4%.

Loks fór Stefán yfir ýmis tengd atriði svo sem rekstur, ýmsar forsendur og áhættuþætti. Kom fram að þessi leið hafi verið kynnt félögum okkar og fengið góðar undirtektir.

Umræður.

Hér viku gestir fundarins þau Viðar og Bryndís af fundi kl. 20:05

5. Aðalfundur VR 27. mars 2019

Ragnar Þór lagði fram skjalið „Tillögur fyrir aðalfund VR 2019“ dags. 7. febrúar 2019 of fór yfir efni þess á slæðum. lét hann þess að getið að tillögurnar væru lagðar fram með þeim fyrirvara að það yrði að finna nýjan fundarstjóra þar sem nú lægi fyrir að Guðmundur B. Ólafsson hrl. yrði erlendis á þessum tíma. Tillögurnar eru annars eftirfarandi:

Tillögur fyrir aðalfund VR 2019

Fundurinn verður haldinn á Hótel Hilton þriðjudaginn 27. mars 2019 kl. 19:30

Fundarstjóri:

Guðmundur B. Ólafsson hrl.

Fundarritari:

Árni Leósson

Tillaga um framlag í VR varasjóð:

Kemur þegar ársreikningur liggur fyrir.

**Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu:**

Tillaga að KPMG sjái um endurskoðun VR fyrir reiknisárið 2019

Kosning á skoðunarmönnum:

Tillaga um Jóhönnu S. Rúnarsdóttur og Benedikt Vilhjálmsson sem skoðunarmenn VR. sbr. 27. gr. laga VR.

Tillaga um félagsgjald:

Tillaga um að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af launum og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum 20 ára afgreiðslufólks frá og með sama tíma. Félagsgjaldið skiptist þannig að 0,63% rennur í félagssjóð VR og 0,07% renni í Vinnudeilusjóð VR.

Tillaga um stjórnarlaun:

Tillaga frá launanefnd.

Tillaga um lagabreytingar:

Tvær tillögur til lagabreytinga, annars vegar vegna sameiningar VR og VS og hins vegar að varamenn í stjórn séu í trúnaðarráði

Tillögur um breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs VR

Breytingar um styttingu á bóttatímabili sem samþykktar voru á stjórnarfundi 9. janúar 2019

Tillaga um breytingu á reglum orlofssjóðs VR

Nýjar reglur fyrir orlofssjóð VR sem teknar verða fyrir á stjórnarfundi 13. febrúar

Sigríður Lovísa vék tímabundið hér af fundi kl. 20:25 og sneri aftur til fundar kl. 20:35.

Umræður.

Í umræðum var samþykkt, að gefnu tilefni, að bæta við einni tillögu um lagabreytingu sem sneri að hæfi stjórnarmanna – laganefnd myndi hittast og yrði tillaga þeirra afgreidd af stjórn með tölvupósti.

Ragnar Þór bar nú þessar tillögur, með þeim athugasemdum sem greint er frá hér að ofan, upp til samþykkis.

Samþykkt samhljóða.

6. Lagabreytingar fyrir aðalfund 2019

Ragnar Þór lagði fram skjalið „Tillögur að lagabreytingum fyrir aðalfund 2019“ og fór yfir efni þess á slæðum. Tillögurnar eru eftirfarandi:

Tillögur að lagabreytingum fyrir aðalfundi 2019

Tillaga 1.

14. gr. Trúnaðarráð

2. mgr. „Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar og varamanna, stjórnir deilda

Í núverandi lögum kemur ekki fram að varamenn stjórnar VR sitji í trúnaðarráði. Rétt þykir að þeir séu hluti af trúnaðarráði þar sem þeir hafa verið kosnir með formlegum hætti til trúnaðarstarfa í félaginu.

Tillaga 2.

1. gr. Heiti, starfssvæði

Félagið heitir VR og er stéttarfélag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks.

Félagssvæði þess nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Kjósahrepps, **Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Sandgerðisbæjar, Gerða- og Vatnsleysustrandarhrepps og Keflavíkurflugvallar,*** Vestmannaeyja, Árnessýslu, Rangárvallarsýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, Húnaþings vestra, Akraness og nágrennis, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Fjarðabyggðar, Breiðdalshrepps og Djúpvogshrepps. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

***Með fyrirvara um að sameining við VR verði samþykkt í allsherjaratkvæðagreiðslu hjá VS. Að öðrum kosti fellur breytingin niður.**

Tillaga vegna sameiningar við Verslunarmannafélag Suðurnesja

Ragnar Þór bar þessar tillögur svo upp til samþykktar eftir stuttar umræður.

Samþykkt samhljóða.

7. Reglugerð Orlofssjóðs VR

Stefán lagði fram skjalið „Reglugerð Orlofssjóðs VR drög“ og fór yfir efni þess á slæðum. Í máli Stefáns kom m.a. fram að ekki væri verið að gera neinar meiriháttar breytingar heldur aðeins að færa reglurnar að því formi sem sjóðurinn starfar eftir í dag en reglurnar eru í dag nær óbreyttar að öllu leiti frá því árið 1979. Stefnt sé að því að reglugerðin verði svo lögð fyrir á aðlafundi til samþykktar.

Tillagan um reglugerð Orlofssjóðs VR er eftirfarandi:

Reglugerð Orlofssjóðs VR

1. gr. Nafn sjóðsins og heimili

Sjóðurinn heitir Orlofssjóður VR.

Orlofssjóður VR er eign VR. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Sjóðfélagar

Sjóðfélagar í Orlofssjóði VR eru félagsmenn VR eins og þeir eru skilgreindir í 3. gr. laga VR.

3. gr. Tilgangur sjóðsins

Tilgangur sjóðsins er að bjóða félagsmönnum VR fjölbreytta möguleika í orlofsmálum allan ársins hring á sanngjörnu verði.

Til að ná þessu markmiði er sjóðnum heimilt að:

- a) eiga eða leigja orlofshús/orlofsaðstöðu víðsvegar um landið og einnig erlendis ef það er hagstætt.
- b) bjóða til sölu orlofstengdar vörur og þjónustu

Á aðalfundi VR er heimilt að ákveða að hluti af orlofssjóðsiðgjaldi félagsmanna renni í VR varasjóð og greiðist úr honum samkvæmt reglugerð VR varasjóðs.

4. gr. Tekjur sjóðsins

Tekjur sjóðsins eru:

- a) iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt gildandi kjarasamningi hverju sinni.
- b) leigutekjur
- c) sölutekjur
- d) vaxtatekjur
- e) aðrar tekjur er til falla

5. gr. Stjórn og rekstur

Stjórn VR er jafnframt stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á afgreiðslum, útleigu og kaupum orlofshúsa ásamt öðrum fjárreiðum sjóðsins.

Eftir aðalfund VR ár hvert skal stjórn VR fela fimm aðilum framkvæmdastjórn og tvo til vara til setu í framkvæmdastjórn Orlofssjóðs VR. Framkvæmdastjórn sjóðsins kys sér sjálf formann og varaformann á fyrsta fundi hvers starfsárs. Framkvæmdastjórn sjóðsins heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og skal það, er á fundunum gerist, skráð í sérstaka gerðarbók.

Framkvæmdastjórn sjóðsins skal í störfum sínum hverju sinni taka mið af gildandi orlofsstefnu VR og starfsreglum Orlofssjóðs VR og leita sífellt nýrra leiða í orlofsþjónustu við félagsmenn VR til að koma sem best til móts við mismunandi þarfir þeirra.



Stjórn VR markar og samþykkir orlofsstefnu VR en framkvæmdastjórn sjóðsins setur sjóðnum starfsreglur og breytir þeim eftir því sem þurfa þykir.

Framkvæmdastjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um daglegan rekstur og eignaumsjón sjóðsins í samráði við framkvæmdastjóra VR og starfsmenn. Allar meiriháttar ákvarðanir um fjármál og eignir sjóðsins verður framkvæmdastjórn sjóðsins að leggja fyrir stjórn VR til samþykktar.

Framkvæmdastjórn sjóðsins gerir tillögu um leigugjald fyrir gistingu sem sjóðurinn býður uppá til stjórnar VR sem tekur endanlega ákvörðun hverju sinni.

Skrifstofa VR sér um daglegan rekstur sjóðsins í umboði framkvæmdastjórnar sjóðsins. Afgreiðsla sjóðsins er á öllum skrifstofum VR um landið.

6. gr. Ávöxtun sjóðsins og kostnaður við rekstur hans

Fjármuni sjóðsins skal ávaxta skv. 26. gr. laga VR

Allan beinan kostnað við rekstur sjóðsins ber sjóðurinn sjálfur.

7. gr. Reikningar sjóðsins og endurskoðun

Ársreikning sjóðsins skal birta með reikningum VR og skal hann endurskoðaður með sama hætti og aðrir sjóðir VR.

Ársreikning sjóðsins skal leggja fram áritaðan af félagslegum skoðunarmönnum félagsins og löggiltum endurskoðanda fyrir aðalfund félagsins. Reikningsár sjóðsins er það sama og félagsins.

8. gr. Sjóðurinn lagður niður

Hætti sjóðurinn störfum eða ákvörðun tekin um að honum verði slitið færast eignir hans í félagasjóð VR.

9. gr. Gildistaka og breytingar á reglugerð

Reglugerð Orlofssjóðs VR tekur gildi frá og með 27. mars 2019.

Reglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi VR og fer með slíkar breytingar eins og um breytingar á lögum VR væri að ræða sbr. 28. gr. laga VR.

(Samþykkt í stjórn VR 25. ágúst 1979. Breytingar á gr. 2 samþykktar á aðalfundi 24. apríl 2006. Breytingar á öllum greinum á aðalfundi 27. mars 2019)

Umræður.



Að loknum umræðum bar Ragnar Þór þessar tillögur um reglugerð Orlofssjóðs VR upp til samþykktar og að þær verði lagðar fyrir komandi aðalfund VR.

Samþykkt samhljóða.

8. Viðskipti VR við Kviku banka

Ragnar Þór ræddi nú þær upplýsingar sem honum hafi verið sendar um að Almenna leigufélagið sé nú enn á ný farið í gang með óhóflegar skyndihækkanir og afarkosti til leigjenda sinna. Þetta séu orðnar árlegar hækkanir sem margir aðilar hafi sýnt honum með gögnum um samskipti sín við Almenna leigufélagið. Í fyrra hafi sem dæmi verið skellt 30 þús. kr. hækkun á einn aðila sem nú sé að fá yfir sig 20 þús. kr. hækkun til viðbótar og hafi hann 4 – 5 daga til að samþykkja þá hækkun ellegar lenda á götunni húsnæðislaus.

Nú er það þannig að Almenna leigufélagið sem stýrt er af Gamma er í eigu sjóðs sem óljóst er hver eigi en Kvika banki á núna Gamma að fullu. Gerir Ragnar Þór það að tillögu sinni að við gefum Kviku banka 4 – 5 daga að falla frá þessum afarkostum sem Almenna leigufélagið gerir leigjendum sínum og þeir hækki ekki leigu umfram vísitölu, ellegar tökum við alla okkar fjármuni sem við höfum í ávöxtun hjá Kviku banka og flytjum annað. Og jafnvel hvetjum aðra til þess sama.

Stefán lagði fram skjalið „Ávöxtun og kostnaður á stýringu sjóða VR“ og fór yfir ýmsar tölur þess um þóknarir, fjárhæðir í eignastýringu, raunávöxtun 2016 – 2018 hjá Kviku banka, Landsbanka, Íslandsbanka og í Varasjóði VR hjá Íslandsbanka. Sagði Stefán að auðvelt væri að færa fé okkar frá Kviku banka og kostar það ekki mikið. Gæti það verið frá næstu mánaðamótum.

Umræður.

Ragnar Þór óskaði nú eftir því að fá að framlengja fundi til kl. 21:30
Samþykkt.

Að loknum umræðum lagði Ragnar Þór til að Þróunarsvið myndi stilla upp opnu bréfi þar sem þess er krafist að Kvika banki hækki ekki leiguverð umfram vísitölu neysliverðs annars færur við fé okkar annað.

Samþykkt. Ingibjörg Ósk og Sigríður Lovísa sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

Fundi var slitið kl. 21:35
Árni Leósson, fundarritari